

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um varasjóð húsnæðismála nr. 656/2002.

1. gr.

2. másl. 1. mgr. 17. gr. reglugerðarinnar hljóði svo:

Til að standa undir tjóni Íbúðalánasjóðs skal sveitarfélag greiða 4% af viðbótarláni sem veitt er út á hverja íbúð.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 45. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Lækkun framlaga sveitarfélaga í varasjóð húsnæðismála skv. 1. gr. þessarar reglugerðar skal taka til allra viðbótarlána sem afgreidd eru af Íbúðalánasjóði eftir gildistöku reglugerðarinnar.

Félagsmálaráðuneytinu, 9. október 2003.

Árni Magnússon.

Guðjón Bragason.